

BORGARRÁÐ 29. febrúar 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um farsímanotkun í grunnskólum - MSS24020181

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um stöðu á notkun/notkunarbanni farsíma hjá nemendum í grunnskólum borgarinnar. Er búð að ákveða að grunnskólar borgarinnar verði símafríir?

Greinargerð:

Fulltrúi Flokks fólksins hefur áður lagt til að ekki verði heimilt að vera með síma inn í skólastofunni þar sem þeir valda nemendum truflun. Ekki er ljóst hvernig tekið hefur verið á þessum málum á skóla- og frístundasviði eða hvort einhver skýr lína er komin í umræðuna. Staðfest hefur verið með fjölda rannsókna og kannana að sími truflar einbeitingu nemenda í námi. Einhverjir skólar hafa lagt blátt bann við snjallsímum jafnvel á skólalóðinni, aðrir skólar eru með mildari útfærslu. Enn aðrir skólar skipta sér lítið af því hvort nemendur eru með síma á skólatíma. UNESCO hefur kallað eftir því að blátt bann verði lagt við notkun snjallsíma í skólum. Eitt af hverjum fjórum ríkjum heims hefur nú þegar orðið við þessu. Stofnunin segir að símnotkun barna í skólum auki á lærdómserfiðleika, einelti og almenna vanlíðan. Margir eru uggandi yfir hversu háðir nemendur eru símanum. Það er útilokað að vera með óskerta athygli á námi og samskiptum í skólastofunni með símann í augsýn. Það er freistandi að skoða símann þegar hann lýsist upp eða gefur frá sér veikt píp. Sími ofan í tösku sem slökkt er á truflar minna.